

Akraneskaupstaður
b/t skóla og frístundaráð

Efni: Stytting vinnuvikunnar hjá starfsfólki leikskóla Akraneskaupstaðar

Fulltrúar foreldraráða leikskóla á Akranesi hittust á fundi þann 3.febrúar sl. Mættir voru fulltrúar frá öllum leikskólum Akraneskaupstaðar.

Á fundinum var rætt um framkvæmd styttingu vinnuvikunnar hjá starfsfólki leikskólanna. Áður höfðu foreldraráð hvers leikskóla fyrir sig fundað með leikskólasstjórum og fengið upplýsingar um það hvernig framkvæma eigi styttinguna innan leikskólanna.

Ekki á að framkvæma styttinguna eins á öllum leikskólum bæjarins. Þannig taka starfsmenn Vallarsels út samfelld þriggja daga frí á vorönn, starfsmenn Garðasels og Teigasels taka út einn frídag á sjö vikna fresti og starfsmenn Akrasels ýmist stytta um einn dag á sjö vikna fresti eða safna sér upp fleiri frídögum sem þeir taka út samfelld.

Fram kom á fundi hjá öllum leikskólum að ekki eigi að skerða þjónustuna með styttri opnun og ekki á heldur að ráða afleysingu til að dekkja þann tíma sem starfsfólk tekur út frídaga vegna styttingar.

Fulltrúar allra foreldraráða eru sammála því að þetta dæmi gengur einfaldlega ekki upp. Það hlýtur að gefa augaleið að ekki er hægt að halda úti sama þjónustustigi ef ekki á að auka fjármagn til að greiða fyrir afleysingu. Þau atriði sem helst valda áhyggjum eru:

- Hætta á að faglegt starf falli niður
- Hætta á að sérstuðningur falli niður
- Öryggi barna er ótryggt
- Aukið álag á starfsmenn sem gæti leitt til aukinna fjarvista vegna veikinda
- Hætta á að börn verði send heim ef ekki tekst að fullmanna deildir

Álag á starfsfólk mun aukast ef sífellt er unnið á lágmarksmannskap. Með færri fólki er hætt á að faglegt starf og sérstuðningur muni falla niður, t.d. ef mikið þarf að senda starfsmenn á milli deilda til að ná lágmarksmannskap. Öryggi barnanna verður ótryggara og auknar líkur verða á slysum. Með auknu álagi aukast jafnframt líkurnar á að fjarvistum vegna veikinda muni fjölga.

Auðvitað gerir starfsfólkið allt sem það getur til að þurfa ekki að grípa til þess ráðs að þurfa að senda börn heim, en á einhverjum tímapunkti getur alltaf komið upp sú staða að ekki sé annað hægt.

Það mun bitna á foreldrum ef senda þarf börn heim vegna þess að ekki tekst að fullmanna deildir. Í mörgum tilfellum hafa foreldrar sjálfir samið um styttingu sinnar vinnuviku þannig að þeir vinni styttri vinnudag alla daga vikunnar. Þessir foreldrar hafa ef til vill stytnt vistunartíma barna sinna hvern dag til samræmis og það verður að teljast ósanngjarnt að geta svo jafnvel átt það á hættu að þurfa að dvelja með barninu heima heilan dag ef ekki tekst að manna deildina.

Margir hafa samið um að vinna styttri dag einn dag í viku, eða eiga jafnvel frí annan hvern föstudag. Þessir foreldrar hafa ekki átt kost á því að stytta einn dag í viku í dvalartíma án þess að þurfa að greiða fyrir það. Ef til vill væri hægt að koma til móts við foreldra með því að bjóða upp á sveigjanlegan dvalartíma, og þannig gefa starfsfólki leikskólanna meira tækifæri á að taka út sína styttingu með öðrum hætti en söfnun frídaga.

Foreldraráðin taka því fagnandi að starfsfólki leikskólanna sé gert kleift að taka út styttingu vinnuvikunnar, en á sama tíma skorum við á bæjaryfirvöld að auka fjármagn til leikskólanna svo hægt sé að framkvæma styttinguna án þess að hún muni bitna á starfi leikskólanna.

Á Akranesi er gott að búa og það er einstaklega gott að ala upp börn í okkar samfélagi. Leikskólar á Akranesi hafa lengi verið í fremstu röð og meðal annars fengið viðurkenningu fyrir starfsánægju. Það er von okkar að svo verði áfram.

Með fyrirfram þökk,
Fulltrúar foreldraráða

Akrasel:

Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir
Hulda Björg Þórðardóttir
Ósk Hjartardóttir
Sóley Guðmundsdóttir

Garðasel:

Hafdís Guðmundardóttir
Hjördís Garðarsdóttir
Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir
Sunna Dís Jensdóttir
Svala Ýr Smáradóttir

Teigasel:

Friðrika Ýr Einarsdóttir
Hafdís Bergsdóttir
Hildur Jónsdóttir

Vallarsel:

Erla Karlsdóttir
Regína Björk Ingþórsdóttir
Rut Agnarsdóttir